

Stjórnarfundur UMSB 19. júlí 2016 kl: 20:00 í þjónustumiðstöð UMSB

Mættar voru: Sólrún Halla Bjarnadóttir, Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir og Guðrún Þórðardóttir.

Rætt var um skipulag og undirbúning Unglingalandsmótsins í Borgarnesi:

1. Það er allt í fínum farveg og að verða klárt. Höldum áfram að hvetja fólk til þess að aðstoða við mótið.
2. Vallarhúsið er komið og búið er að prufukeyra tækin sem verða notuð í hlaupunum á frjáls íþróttavellinum.
3. Komið var með tillögur um einstaklinga/keppendur sem myndu taka þátt í atriðum á mótssetningunni (söngur, ræða keppenda, fánaberar, hver fer með fánahyllinguna og hverjir tendra eldinn).

Bókun: Ákveðið að fá elstu keppendurna frá UMSB til þess að sjá um ræðu keppenda og fánahyllingu/aðalfánaberi. Fá síðan keppendur frá sem flestum aðildarfélögum og á ólíkum aldri til þess að sjá um að hlaupa með og kveikja landsmótseldinn. Sólrún Halla sér um að finna þessa aðila þegar skráningu er lokið á Unglingalandsmótið.

4. Rætt hverjum verður boðið í móttökuboðið eftir að mótið hefur verið sett. Borgarbyggð býður til móttökunnar en við megum bjóða þeim sem okkur finnst eiga að vera þar.
5. Rætt hvernig gengur að manna mótið, það eru komnir þó nokkrir sjálfboðaliðar sem ætla að aðstoða. En betur má ef duga skal.

Næsti fundur verður haldinn 16. ágúst í Reykholti

Fundi slitið kl. 21:00

Fundarritari: Þórkatla Dagný